



Innkaupa- og framkvæmdaráð

EES útbod nr. 16276 – Hreinsun stofnanalóða 2026-2027 - Vesturhluti.

Tilboð í ofangreindu útbóði voru opnuð þann 9. apríl 2026 kl. 10:00 og skiluðu þrjú fyrirtæki inn tilboði. Við mat á tilboðum var litið til verðtilboðs í samræmi við skilmála útbodsgagna. Um er að ræða almennt útbod í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útbodid var auglýst á EES.

Um er að ræða hreinsun bílastæða við stofnanalóðir og hreinsun grunnskólalóða í vesturhluta Reykjavíkur.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lágstjóðanda, Garðapjónusta Sigurjóns ehf. að fjárhæð kr. 8.014.183,- (43,32% af kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á kr. 18.500.000,-)

Gildistími samnings er eitt ár. Heimilt er með samþykki beggja aðila að framlengja samninginn um fjögur ár, eitt ár í senn. Virði samnings ef framlengt er fjórum sinnum er þá kr. 40.070.915,- fyrir fimm ára tímabil.

Lágstjóðandi hefur staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálapjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat skrifstofu borgarlandsins.

Virðingarfyllt

Karl Eðvaldsson
*F.h. Skrifstofustjóra Borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið.*



Hjálagt: Opnunarfundargerð

Árið 2026, þann 9. apríl kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16276 „Hreinsun stofnanalóða 2026-2027 - Vesturhluti“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Eftirfarandi tilboð bárust:		Tilboðsfjárhæð, samtals fyrir eitt ár, með vsk.		
1	Garðlist ehf.	Kr.	15.913.221	86,02%
2	Garðaþjónusta Sigurjóns ehf.	Kr.	8.014.183	43,32%
3	Hreinsitækni ehf.	Kr.	13.620.725	73,63%
Kostnaðaráætlun		Kr.	18.500.000	100,00%
Fleiri tilboð bárust ekki				
Opnun tilboða lokið kl. 10:05				